



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Náttúrufræði 5. - 7. bekkur

Kennarar: Bjarki Páll Jónsson, Íris Arnardóttir, María Björk Ólafsdóttir

Megintilgangur samfélagsgreina er að efla skilning nemenda á sjálfum sér, öðrum og samfélaginu sem þeir tilheyra með það að markmiði að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðislegu og fjölbreyttu samfélagi. Námið miðar að því að þroska sjálfsþekkingu, félagsfærni og borgaravitund sem og getu til að takast á við siðferðileg og samfélagsleg álitamál með gagnrýnum huga og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Nemendur læra um söguleg atvik, menningu, umhverfi og auðlindir og fá tækifæri til að tengja þetta við eigin reynslu og daglegt líf. Lögð er áhersla á samræðu, ígrundun og lýðræðisleg vinnubrögð sem styðja við virka þátttöku, rökstuðning og viðsýni. Kennslan á að byggja á aðferðum sem örva forvitni, virkni og skapandi hugsun þar sem hæfniviðmið í samfélagsgreinum – sjálfsmynd, siðferði og trú, borgaravitund, saga og jörðin okkar - eru samþætt og tengjast bæði nútíð, fortíð og framtíð nemenda.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - Náttúrugreinar](#)

Meginviðfangsefni

Um er að ræða samþætta kennslu náttúrufræði- og samfélagsfræðigreina. Unnið er í nokkurra vikna lotum þar sem tekin eru fyrir ákveðin viðfangsefni. Nemendur fræðast um viðfangsefnið, gera tilraunir og/eða verkefni og afla sér sjálfir upplýsinga til að dýpka þekkingu sína. Hverri lotu líkur svo með könnun, kynningu nemenda og/eða sjálfs- og jafningjamati.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

- Bein kennsla í formi fyrirlestra og innlagna kennara
- Sýnikennsla þar sem kennari sýnir nemendum ákveðið verklag



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

- Verklegr kennsla
- Hópavinna/samvinnunám
- Umræður
- Kynningar og framsögn
- Leitarnám þar sem nemendur læra að afla sér þekkingar s.s. í bókum og á netinu.
- Vettvangsferðir eftir því sem kostur er

Nemendur vinna í námsfélögum og eru meðvitaðir um það til hvers er ætlast af þeim og hvaða hæfniviðmið verið er að meta. Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsvinnu, þaravinnu og hópavinnu.

Námsgögn

Námsefni er að mestu búið til af kennurum en einnig er stuðst við fræðigreinar, myndbönd og fjölbreytt verkefni á netinu. Spjaldtölvan er mikið notuð af nemendum m.a. í myndbandsgerðir, upplýsingaöflun, þrívíddarskoðanir og fl.

Námsmat

Námsmatið verður fjölbreytt og sveigjanlegt. Nemendur fá tækifæri til að velja mismunandi leiðir til að sýna skilning sinn á viðfangsefnum. Lögð er áhersla á að verkefnum sé skilað jafnt og þétt yfir önnina svo matið endurspegli sem best stöðu hvers og eins.

Í námsmati verða m.a. tekin mið af:

- Leiðsagnarmat
- Jafningjamat
- Sjálfsmati
- Hópverkefnum
- Kynningum og framsögn
- Ástundun og vinnusemi
- Könnunum